

## Sögur af börnum

eftir Dagnýju Kristjánsdóttur, prófessor emeritus í íslenskum nútímabókmenntum við Háskóla Íslands  
Úr Tímariti máls og menningar, 4. hefti 2020. <https://tmm.forlagid.is/sogur-af-bornum/>

„...“

### Manneskja

Manneskjusaga (2018)

Framan á bókinni Manneskjusögu eftir Steinunni Ásmundsdóttur (2018)[56] er ljósmynd, rifin og morkin á köntunum. Eitthvað virðist hafa hellst yfir hana, kaffi eða rauðvín, og einhver hefur reynt að þurrka sullið burt, með því fer niðrandlit stúlkunnar á myndinni en það breytir litlu, blettir eru alls staðar og það sést eiginlega ekki hvað er á myndinni hvort eð er. Þetta er eins og táknmynd fyrir líf Bjargar, aðalpersónu bókarinnar. Foreldrarir, Matthildur og Guðmundur, höfðu ættleitt dreng og nokkrum árum síðar litla telpu, fimm mánaða gamla, sem fær nafnið Björg. Barnið reynist ekki alveg heilbrigt og fósturforeldrarir skilja ekki viðbrögð þess eða doða. Nokkrum árum síðar fæðist þeim sjálfum dóttirin Sigrún.

Matthildur tekur eftir því að Björg litla virðist þjást af tilfinningahungri en ekki geta tekið á móti þeirri ást sem hún vill gefa henni. Ljós móðirin, sem er henni innan handar þegar barnið kemur til hennar, bendir á að líkamleg viðbrögð telpunnar eru stundum ófyrirsjáanleg: „Hún spyr hvort blóðmóðir barnsins muni hafa drukkið á meðgöngunni og segir að börn drykkjukvenna beri þess stundum merki, þau þroskist ekki alveg eðlilega og andlitsfallið sé ögn þesslegt.“[57]

Eins og svo mörg fósturbörn hugsar Björg mikið um og þráir að sjá blóðforeldra sína. Ekki er talið ráðlegt að hún fái að hitta illa farna móður sína og hálsystkin en foreldrar hennar leyfa henni að fara, fjórtán ára gamalli og líkamlega bráðþroska, til blóðföðurins sem er bóndi sem býr með aldraðri móður sinni. Hann er frægur fantur og túradrykkjumaður og fljótlega nauðgar hann dótturinni á hrottafenginn hátt en henni tekst að flýja og kemst grátt leikin á næsta bæ. Eftir nokkra hríð kemur í ljós að faðirinn hefur gert hana ófríska og foreldrar hennar láta eyða fósturinu. Björg á samt eftir að leita aftur til þessa manns og taka upp nafn hans. Enginn skilur hvers vegna en í sögunni segir að þegar hún vann þegjandi við hlið hans að bústörfum hafi hún verið alsæl. Það hafi verið hamingjusamasta skeið ævi hennar. Svo hógvæer er hugmynd hennar um það góða líf sem kynni að vera henni ætlað.

Öll ævi stúlkunnar er merkt ógæfunni, hún fer inn og út af geðdeildum, eignast þrjú börn sem eru tekin af henni, sekkur djúpt ofan í vímuefnanotkun, endar sem útigangskona og deyr fyrir fimmtugt. Fjölskylda hennar, einkum yngri systirin Sigrún, horfir hjálparvana og örvilnuð á hana verða sjálfseyðingarhvöt sinni að bráð en það er ekki hægt að hjálpa henni eða ná til hennar. Manneskjusaga er afskaplega vel skrifuð bók, beygir hvergi hjá en fylgir stúlkunni og fjölskyldu hennar eftir allt til hins ömurlega endis.

Fremst í bókinni er eftirfarandi tileinkun/hliðartexti: „Bókin er skáldævisaga og byggð á raunverulegum atburðum. Nöfn og staðir í bókinni eru uppspuni höfundar.“[58] Hugtakið „skáldævisaga“ vísar yfirleitt til sögu sem er á mörkum tveggja bókmenntagreina eða ævisaga skrásetjara með skáldlegu ívafi. Manneskjusaga er sögð í þriðju persónu, sögumaður er augljóslega ekki Björg, en mögulega yngri systir hennar, Sigrún, sem er þá eins konar vitni að tortímingu Bjargar og varanlegu „hugrofi“ hennar.

Allar bækurnar sem hér hefur verið talað um segja frá langvarandi misnotkun stúlkubarnanna þar sem hugrof gera þeim kleift að lifa af. Það er regla en ekki undantekning. Aðeins ein þessara sagna er sjálfsævisaga en hinar eru skráðar af rithöfundum eftir sögu þolendanna. Rúnar Helgi Vignisson hefur smíðað hugtakið „sannsögur“ eða „óskáldaðar sögur“:

„Það eru fjölbreyttar bókmenntir sem falla innan greinarinnar og oft blandast ólíkar tegundir innan einnar bókar,“ segir Rúnar Helgi [...] „Auðvitað er oft erfitt að ganga úr skugga [um] hvað er satt. Stundum er auðveldara að nálgast sannleikann í gegnum skáldskapinn heldur en hitt,“ segir Rúnar Helgi. „Skáldskapurinn gefur oft frelsi og svigrúm til að fara alla leið. Þannig að menn glíma auðvitað mjög mikið við það í sannsögunni: hvornig get ég verið sannur, eða sönn? [...]

Það reynist sérstaklega erfitt þegar skrifað er um viðkvæm málefni. „Það hafa verið skrifaðar bækur um það úti í heimi á undanförunum árum. Fólk er alltaf að glíma við þessar siðferðisspurningar: hvað má ég segja, er þetta mín saga? Vegna þess að það koma alltaf einhverjir aðrir við sögu. Einstaklingurinn er aldrei afmarkaður.““